

Boðandi:	Unnur Valborg Hilmarsdóttir
Dags:	09.11.2018
Boðaðir:	Unnur Valborg Hilmarsdóttir, Eva Björk Harðardóttir, Aldís Hafsteinsdóttir, Ásbjörn Þ Björgvinsson, Díaná Mjöll Sveinsdóttir, Hjálmar Sveinsson, Ingibjörg Guðrún Guðjónsdóttir, Pétur Óskarsson, Sævar Skaptason, Þórir Garðarsson, Skarphéðinn Berg Steinarsson og Sunna Þórðardóttir
Fundarmenn:	Unnur Valborg Hilmarsdóttir, Eva Björk Harðardóttir, Ingibjörg Guðrún Guðjónsdóttir, Ásbjörn Þ Björgvinsson, Sævar Skaptason, Skarphéðinn Berg Steinarsson, Sunna Þórðardóttir
Gestir fundarins	Ásta Kristín Sigurjónsdóttir frá íslenska ferðaklasanum. Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, ráðherra
Boðuð forföll	Aldís Hafsteinsdóttir, Díaná Mjöll Sveinsdóttir, Hjálmar Sveinsson, Pétur Óskarsson
Bréfalykill:	2.3.3
Málsnúmer:	ANR18010128
Efni:	23. fundur ferðamálaráðs

Dagskrá fundar:

1. Ásta Kristín Sigurjónsdóttir - Framkvæmdastjóri Íslenska ferðaklasans, starfsemi ferðaklasans
2. Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir – ráðherra ferðamála
3. Önnur mál

Frásögn af fundi

Ásta Kristín Sigurjónsdóttir fór yfir starf ferðaklasans.

Umræður um eðli klasans og muninn á honum og öðrum klösum, í því sambandi var m.a. rætt um hver aðkoma ríkisins væri að klasanum og öðrum klösum, hver fjöldi starfsmanna er, hversu margir samningar væru við klasann, hver velta hans er og hversu vel starf klasans hefur gengið. Einnig var rætt að gott væri að vera með öryggisventil til að tryggja starfsemina ef að margir aðilar detta út.

Önnur mál:

Ferðamálastjóri fór yfir stöðuna varðandi markaðsstofur landshlutanna og hvernig úthlutun fjármagns til þeirra var háttað.

Ráðherra ræddi ákvörðun um samræmdan dagafjölda og eftirlit varðandi skráningu á heimagistingu.

Umræður um „one stop shop“ á vefnum og tekjuleka út úr landinu vegna erlendra bókunarvefja.

Rætt um að skatturinn sé einungis með eftirlit með íslenskum aðilum og greina þurfi hvað sé hægt að gera til að skapa eðlilega umgjörð fyrirtækja. Rætt um að íslensk fyrirtæki séu að flytja starfsemi úr landi vegna of hás starfsmannakostnaðar og ójafnar samkeppnisstöðu.

Rætt um að ferðaþjónustan þurfi að fara að taka umhverfismálin föstum tókum.

Ráðherra bendir á að hægt sé að sækja peninga í orkusjóð og að því meira frumkvæði sem komi frá greininni því betra. Í því sambandi séu einnig mikil tækifæri varðandi ímynd landsins sem ferðamannalands.

Sævar greinir frá verkefninu Hleðsla í hlaði sem ferðapjónusta bænda er stendur fyrir.

Niðurstaða og ákvarðanir

Fundargerð ritaði Sunna Þórðardóttir